

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snorrastaða í Bláskógabyggð. Skilmálar þriggja lóða austan Stekkár sem kallast Stekkur 1, 3 og 5.

Gerðar eru breytingar á skilmálum er varða stærðir sumarhúsa. Samkvæmt gildandi skipulagi er hámarksstærð sumarhúsa 60 m² en breytingin felur í sér að hámarksbyggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júní 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2013